

4.3 TÍMAÁÆTLUN – Síðari hluti endurskoðaður í september 2016

Október/ nóvember 2015	Verkefni hefst. Kynning fyrir starfsfólk, fyrirlagning spurningalista, úrvinnsla þeirra og framkvæmd hávaðamælinga og ómtímamælinga (sbr. kaflar 4.2.1 og 4.2.2).
Nóvember/desember 2015	Úrvinnsla, fyrri stöðuskýrsla unnin (sbr. kafli 4.2.3).
Desember 2015	Stöðuskýrsla lögð fram, tillögur til úrbóta ræddar í stýrihópi og í þátttökusveitarfélagi. Tillögum til úrbóta forgangsraðað. Lögð áhersla á að þær tillögur sem ekki fela í sér aukinn kostnað eða mjög óverulegan kostnað komi strax til framkvæmda. Þær úrbætur sem fela í sér umtalsverðan kostnað verði ræddar frekar og útfærsla og framkvæmd ákveðin í samráði þátttökusveitarfélags og stýrihóps (sbr. kaflar 4.2.3 og 4.2.4).
Janúar 2016 – mars 2016	Fræðsla um hávaða og hljóðvist fyrir starfsmenn leikskóla, niðurstöður kynntar og bent á leiðir til að draga úr hávaða (sbr. kafli 4.2.4). Íhlutun (sbr. kafli 4.2.4).
Október 2016	Fræðsla um hávaða og hljóðvist fyrir þá starfsmenn þátttökuleikskólanna þriggja sem eru nýir eða misstu af fræðslunni vorið 2016. E.t.v. verður kennurum leiðbeint aftur stuttlega um innlögn á kennsluefninu úr fræðslunni.
Miður – lok nóvember 2016	Mælingar endurteknar og spurningalistinn lagður fyrir starfsfólk þátttökuleikskólanna (sbr. kafli 4.2.5).
Desember 2016	Seinni stöðuskýrslu skilað (sbr. kafli 4.2.5).
Janúar-febrúar 2016	Stýrihópur gerir lokaskýrslu og skipuleggur kynningu verkefnisins (sbr. kafli 4.2.5)
Mars-apríl 2016	Kynning á niðurstöðum verkefnisins (sbr. kafli 4.2.6).